

Leigusamningur vegna ómannaðar íþróttamiðstöðvar

Leigusamningur við leigutaka vegna leigu á afnot af íþróttamiðstöð í **Mýrdalshrepp kt:461283-0399**

1.gr. Inngangur

Leigusali, Mýrdalshreppur leigir samkvæmt samningu þessu íþróttasalinn við Mánabraut 3, 870 Vík í Mýrdal. Með leigusamning þessum er kveðið á um leigu á ómannaðri íþróttamiðstöð og útfærsla á leigu um afnot. Í þessum samning er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á afnot af íþróttahús.

2.gr. Skilgreining

Skilgreining á ómönnuð íþróttarmiðstöð er þegar íþróttastaða er aðgengileg notendum án þess að sérstakur starfsmaður stöðvar sé á staðnum og er þá eftirlitsmyndavél notuð við eftirlit. Leigutaki þarf að skilgreina tímabil sem afnot eru leigð. Greiða skal fyrir afnot fyrir fram til þess að hægt sé að festa tímann og skipuleggja afnot íþróttahúss skilvirkara.

Ekki er endurgreitt ef viðkomandi aðilar nota ekki tímana sína.

Leigufjárhæð er _____

Vegna tíma:

Gildistími leigusamnings er að lágmarki einn mánuður í seinn.

Tímabil _____

4.gr Ábyrgðarmaður

Ef íþróttamiðstöðin er ómönnuð þarf að vera einn ábyrgðarmaður sem ber ábyrgð á að reglum sé fylgt og farið sé eftir umgengnisreglum. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að í lok leigðs tíma sé íþróttasalur skilað í því ástandi sem það var í við viðtöku. Ábyrgðarmaður skal mæta í upphafi hvers tíma og vera til staðar í húsinu þann tíma sem íþróttasalur er í notkun. Ábyrgðarmaður sér m.a. um að ganga frá húsinu í lok dag og læsa.

Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á því að greitt sé fyrir afnot af íþróttahúsi. Einn varábyrgðarmaður er hafður með í samningu ef ábyrgðarmaður er fjarverandi.

4.gr Afnot skilgreind

Þegar íþróttasalurinn er ómannaður **er aðgangur að laug og búningsklefum óheimilaður** sem og **heitur pottur og sauna**. Afnot er einungis af íþróttasal þegar íþróttamiðstöðin er ómönnuð.

Ekki eru gerðar kröfur á lágmarksfjölda í skilgreindum tímum og er leiguverð ekki háð fjölda.

Öll neysla áfengis, vímuefna og nikótín vara er stranglega bönnuð í og við íþróttamiðstöðina og ber ábyrgðamaður að þeim reglum sé fylgt.

Ungmennafélagið Katla gengur fyrir með að skipuleggja sínar æfingar og afnot af íþróttasal.

Mikilvægt er þó að þetta sé gert í samráði og allir aðilar séu sáttir.

5.gr. Umgengnisreglur

- Í íþróttahúsinu er farið eftir settum reglum og fyrirmælum starfsfólks.
- Engin ábyrgð er tekin á verðmætum.
- Notendur hússins skulu fara úr útiskóm í anddyri og raða þeim snyrtilega
- Notendur hússins skulu nota íþróttaskó sem eingöngu eru notaðir innanhúss.
- Þeir sem valda skemmtum á eða í húsinu skulu bæta þær að fullu.
- Notkun áfengis, tóbaks og tyggigúmmís er bönnuð í húsinu.
- Notendur skulu ganga vel um húsnæðið og búna og ganga frá eftir sig að notkun lokinni. Fara skal vel með öll áhöld.
- Húsið er opið öllum til heilsueflingar en tekið er tillit til æfinga sem eru í gangi á hverjum tíma.

6.gr. Vanefndir

- Standi leigutaki ekki í skilum með leigugreiðslur á réttum gjalddaga, fari illa með leiguhúsnæði eða brjóti leigusamning þennan í öðum verulegum atriðum, hefur hann fyrirgert leigurétti sínum og er þá skylt að rýma húsnæðið eftir kröfu leigutaka. Verði tjón á

hinu leigða á leigutíma sem rekja má til útileigu til leigutaka skal leigutaki bæta það tjón að fullu gagnvart leigusala.

Undirritaðir aðilar

Leigusali, f.h. Mýrdalshrepp

dagsetning: _____

Leigutaki:

Kt: _____